

## Gátlisti - þegar nemandi greinist með lesblindu

- ❑ Greiningaraðili kynnir foreldrum, kennurum og stjórnanda niðurstöður greiningar.
- ❑ Meta þarf á skilafundi hvort þörf er á einstaklingsnámská og hvort teymi verði búið til vegna nemandi.
- ❑ Forráðamenn segja barni frá niðurstöðum greiningar.
- ❑ Nemandi fær viðtal hjá námsráðgjafa sem fer yfir hvað felur í sér að vera lesblindur og leiðir til að vinna með það.
- ❑ Umsjónarkennari skráir niðurstöður í sérþarfayfirlit árgangs.
- ❑ Forráðamenn með aðstoð stjórnanda sækja um aðgang að *Hljóðbókasafni Íslands*.
- ❑ Umsjónarkennari / íslenskukennari skipuleggur lestraraðstoð fyrir nemandann.
- ❑ Kennrarar og nemandi prófa bjargir í sameiningu.
- ❑ Umsjónarkennari miðlar upplýsingum til annarra sem koma að nemandanum.
- ❑ Kennrarar bjóða nemandi lengri próftíma og lestraraðstoð þegar við á.
- ❑ Umsjónarkennari sækir um undanþágu/aðlögun fyrir nemandi varðandi samræmd próf.

## Hugsanlegar bjargir vegna barna með dyslexíu

- þekktar leiðir í vinnu

### Hljóðbókasafn Íslands:

- Greiningaraðili býr til vottorð um dyslexiu.
- Foreldrar sækja um aðgang að Hljóðbókasafni Íslands. Nálgast má umsókn að safninu [hér](#). Vottorð þarf að fylgja með umsókn.
- Nemandinn fær aðgang með lykilorði að safninu.

### Nams.is

- Umsjónarkennari kynnir fyrir nemandanum rafrænt námsefni á nams.is og hvernig hægt er að nýta sér það í náminu bæði heima og í skólanum. Efnið er ýmist hljóðrænt, gagnvirkt og/eða myndrænt.

### Forrit, tölvur og ritgervlar

- Kennrarar og nemendur prufa í sameiningu að nota mismundi bjargir og tæki s.s. Ipad, ritvinnslu, easy tutor, Ragga lesvél, upptökur, lesgervla, Naturalreader.com.

### Hlutbundin vinna með orð

- Myndræn og hlutbundin vinna, t.d. að leira stafi og orð. Nota stafaöskjur, nota kubba, nota óhefðbundin efnivið eins og garn, leir, nálar, efni, sand. Allt sem getur hjálpað nemanda að sjá orðin fyrir sér og búa sér til myndir af þeim í huganum.
- Myndræn framsetning á efni, teikna sögur og útskýra efni myndrænt.
- Orðalistar með algengum orðum sem hafa óhlutbundna merkingu.